

Félag Flugumsjónarmanna á Íslandi



Félags-, mennta- og sjúkrasjóðslög



Nafn félagsins, tilgangur og inntökuskilyrði.

1. grein

Nafn félagsins er: „Félag Flugumsjónarmanna á Íslandi”, skammstafað F.F.M.
Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Tilgangur félagsins er að:

- a) Að vernda réttindi og hagsmuni félagsmanna í atvinnumálum.
- b) Efla og styrkja samvinnu félaga sinna og stuðla að ýmiss konar félagastarfsemi.
- c) Fara með samninga fyrir hönd félagsmanna um kaup og kjör.
- d) Annast samskipti við erlend félög flugumsjónarmanna og alþjóða samtök flugumsjónarmanna.
- e) Að tryggja félagsmönnum öryggi við vinnu og stuðla að ráðningu atvinnulausra félaga.
- f) Efla þekkingu félagsmanna á starfinu.
- g) Veita félagsmönnum aðstoð í veikindum skv. reglugerð sjúkrasjóðs F.F.M

3. grein

Félagi getur hver sá orðið sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a) Starfar í Flugumsjón og við flugumsjónartengd störf.
- b) Hafi lokið námi í flugumsjón sem viðurkennt er af Samgöngustofu.
- c) Hafi starfað í þrjá mánuði samfleytt sem aðstoðarmaður fullgildra flugumsjónarmanna í flugumsjón.

4. grein

Sá er vill gerast félagsmaður í félaginu skal skila skriflegri umsókn til formanns stjórnar F.F.M. og er hann þá fyrst fullgildur félagsmaður, er félagsstjórn hefur samþykkt inntökubeiðni hans. Rísi upp ágreiningur um inntökubeiðni, úrskurðar félagsfundur.

5. grein

Atkvæðisbærir eru þeir félagsmenn sem eru handhafar skírteinis flugumsjónarmanns og starfa hjá íslenskum flugrekanda við flugumsjón eða flugumsjónartengd störf og hafa greitt félagsgjöld á yfirstandandi eða síðastliðnu almanaksári. Atkvæðisréttur fellur úr gildi eftir að félagsmaður hefur verið atvinnulaus í 12 mánuði. Ákvæði þetta gildir þó ekki ef til vinnustöðvunar kemur.

Atkvæðisbærir félagsmenn geta á félagsfundum farið með atkvæðisrétt félagsmanna sem eru fjarverandi. Enginn getur þó farið með umboð fleiri en tveggja manna. Umboð séu undirrituð eða með netpósti stíluð á nafn umboðsmanns og lögð fram hjá fundarstjóra sem úrskurðar lögmæti þeirra.

6. grein

Þeir sem uppfylla ekki öll skilyrði 3. greinar og hafa ekki atkvæðisrétt skv. 5. grein skulu vera aukafélagar. Auk þess skulu þeir sem eru handhafar skírteinis flugumsjónarmanns, en starfa ekki að jafnaði við flugumsjón eða flugumsjónartengd störf, vera aukafélagar.

Aukafélagar njóta réttinda skv. 7 grein.

7. grein

Aukafélagar skulu hafa fullt málfrelsi og tillögurétt um málefni félagsins á félagsfundum, en hafa hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi til starfa í stjórn F.F.M.

8. grein

Heiðursfélagar verða allir aðal- og aukafélagar er þeir ljúka stafsævi sinni við flugumsjónar- og flugumsjónartengd störf. Auk þess verða allir þeir sem greitt hafa félagsgjöld til 10 ára eða lengur, en ljúka starfsævi sinni á öðrum vettvangi, heiðursfélagar.

Einnig er aðalfundi heimilt að tilnefna og kjósa einn heiðursfélaga á öðrum grundvelli. Til þess þarf að ná 2/3 greiddra atkvæða.

Heiðursfélagar njóta réttinda skv. 9. grein.

9. grein

Heiðursfélagar skulu hafa fullt málfrelsi og tillögurétt um málefni félagsins á félagsfundum, en hafa hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi til starfa í stjórn F.F.M.

10. grein

Grein felld út.

11. grein

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendast stjórn félagsins.

12. grein

Hver sá félagsmaður F.F.M. sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir flugrekanda skal ekki á sama tíma gegna trúnaðarstörfum fyrir stéttarfélag sitt, svo sem sitja í stjórn.

Trúnaðarstörf teljast eftirtalin störf:

Stjórnar- eða varastjórnarstörf flugrekanda, deildarstjórnarstörf eða yfirflugumsjónarmannsstörf.

13. grein

Félagsmönnum, sem sitja í stjórn, varastjórn eða gegna deildastjórnarstörfum flugrekanda, er óheimilt að sitja fundi F.F.M. þar sem kjaramál eru á dagskrá.

Um réttindi félagsmanna og skyldur, réttindamissi og brottrekstur.

14. grein

Réttindi félagsmanna eru:

- a) Málfrelsi, kjörgengi, tillögu- og atkvæðisréttur á félagsfundum.
- b) Styrkir úr sjóðum félagsins eftir því sem ákveðið er í reglugerðum þeirra og lögum félagsins.
- c) Aðstoð vegna vanefnda atvinnurekanda á samningum, lögum og reglugerðum.
- d) Réttur til að vinna upp á kaup og kjör er samningar félagsins ákveða hverju sinni.
- e) Afnot af orlofsheimilum félagsins.

15. grein

Skyldur félagsmanna eru:

- a) Hlýða lögum félagsins, fundarsamþykktum og samningum í öllum greinum.
- b) Að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið endurgjaldslaut. Heimilt er að greiða stjórnarmönnum útlagðan kostnað.
- c) Sýna fullkomna þagmælsku um það sem fram fer á félagsfundum, enda óski formaður þess.
- d) Að greiða áskilin gjöld til félagsins á réttum gjalddaga.
- e) Að vinna ekki með ófélagsbundnum mönnum eða réttindalausum, nema félagið hafi veitt undanþágu til þess.
- f) Að gefa stjórn félagsins upplýsinar um hvers konar tilraunir atvinnurekanda til að brjóta eða sniðganga kjarasamninga.
- g) Aðhafast ekkert það sem er félaginu til tjóns eða álitshnekkis.

16. grein

Hafi félagsmaður gerst brotlegur við ákvæði 15. gr. getur stjórn F.F.M beitt eftirfarandi refsíákvæðum:

- a) Áminningu.
- b) Svift félagsmann tillögurétti og fundarsetu um tiltekinn tíma.
- c) Svift félagsmann rétti til að gegna trúnaðarstörfum í þágu F.F.M.
- d) Vikið félagsmanni úr F.F.M. um lengri eða skemmri tíma.

Úrskurði stjórnar F.F.M. má skjóta til félagsfundar, sem boðaður skal eigi síðar en 15 daga eftir slíka ákvörðun. Félagsfundur hafi þá endanlegt úrskurðarvald, og er bindandi fyrir alla félagsmenn. Til samþykkis þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða og skal sú atkvæðagreiðsla vera leynileg.

17. grein

Nú er félagsmanni vikið úr félaginu og á hann þá ekki afturkvæmt í það nema inntökubeiðni hans sé samþykkt með 2/3 hluta greiddra atkvæða á löglegum félagsfundi.

18. grein

Hafi félagsmaður gegnt trúnaðarstarfi fyrir félagið í þrjú kjörtímabil eða lengur, getur hann skorast undan edurkosningu næstu þrjú ár.

Um stjórn og stjórnarstörf.

19. grein

19.1

Stjórn félagsins skipa þrjú einstaklingar. Hlutverkaskipan skal vera eftirfarandi: Formaður, ritari og gjaldkeri.

19.2

Stjórnarmenn skulu ávalt vera starfandi flugumsjónarmenn nema að Aðalfundur FFM ákveði annað.

19.3

Stjórnarmenn geta aldrei setið lengur í stjórn en að hámarki 10 ár nema að Aðalfundur FFM ákveði annað

20. grein

Stjórnarfundir eru lögmetir ef meirihluti stjórnar er mættur. Varamenn skal boða á stjórnarfundum. Þeir skulu hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt, nema þeir taki sæti aðalmanns.

21. grein

Formaður kveður til funda og stjórnar þeim. Hann undirritar gerðabækur félagsins og gætir þess að allir stjórnarmenn geri skyldu sína. Hann hefur umsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því að fylgt sé að lögum þess og reglum í öllum greinum. Ritari gegnir störfum formanns í forföllum hans. Gjaldkeri tekur þá við störfum ritara og stjórnin getur þá skipað varamann.

22. grein

Ritari heldur gerðabækur félagsins og ber ábyrgð á fundargerðum. Hann undirritar gerðabækur félagsins ásamt formanni. Ritari skal halda til haga í sérstakri bók eða á tölvutæku formi, gildandi fundarsamþykktum félagsins.

23. grein

Gjaldkeri hefur á hendi eftirlit með fjárreiðum og innheimtu félagsins og bókfærslu eftir nánari fyrirmælum stjórnarinnar.

24. grein

Stjórn félagsins hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli funda. Stjórn hefur á hendi störf milli aðalfunda og starfar uns hún hefur lagt fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og gefið skýrslu um störf sín. Stjórnin hefur umsjón yfir alla sjóði félagsins og aðrar eignir, sem ávaxtast á þann hátt er aðalfundur ákveður, og sér um greiðslur vegna útgjalda ýmiss konar.

Stjórn félagsins ræður alla starfsmenn félagsins, skipar félagsmönnum í nefndir og trúnaðarstörf. Stjórn félagsins sér um öll erlend tengsl.

25. grein

Fastanefndir, aðrar nefndir og fulltúrar F.F.M.

- a) Eftirtaldir fastanefndir skulu starfa á vegum F.F.M.
Kjarasamninganefnd
Skemmti- og orlofsheimilanevnd
Laga- og siðanefnd
- b) Eftirtalin embætti skulu starfa á vegum F.F.M.
Trúnaðarmenn á vinnustöðum
Umsjónarmaður orlofsheimilis.

26. grein

Um oflofsheimili F.F.M.

Kaup á orlofsheimilum skulu samþykkt af meirihluta greiddra atkvæða, á löglega boðuðum félagsfundi. Stjórn F.F.M. skal ákveða leigugjaldskrá tiltekins heimilis hverju sinni. Stjórn F.F.M. skal greiða úr félagssjóði allan kostnað er varðar rekstur og viðhald, í samráði við skipaðan umsjónarmann orlofsheimilis. Allar tekjur af rekstri orlofsheimilis skulu renna í orlofsheimilasjóð F.F.M.

27. grein

Um sjúkrasjóð F.F.M.

Um hlutverk sjóðsins, sjóðsfélaga, stjórn, aðalfundi og önnur atriði fer samkvæmt reglugerð hans á hverjum tíma, nú reglugerð dags 12. apríl 2000 og 28. maí 2009 og 11. mars 2021

28. grein

Um trúnaðarmenn á vinnustöðum og hlutverk.

28.1 Starfsfólk á hverjum vinnustað kys sér trúnaðarmann til tveggja ára í senn. Kosning fer fram í samráði við stjórn FFM, en trúnaðarmaðurinn fær staðfestingu á kjöri og umboð sitt frá félaginu. Allir vinnustaðir með fimm eða fleiri FFM félagi mega kjósa trúnaðarmann og ef þeir eru fleiri en 50 má kjósa tvo. Trúnaðarmaður skal gæta þess, að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt starfsmanna.

28.2 Hafa eftirlit með því að atvinnurekandi fari eftir ákvæðum kjarasamnings, laga og reglugerða um starfskjör og réttindi starfsmanna og grípa til nauðsynlegra aðgerða ef þörf er á

28.3 Meta hvaða ákvæðum kjarasamninga og reglna er æskilegt að breyta til að bæta kjör eða draga úr vanda við framkvæmd og gera stéttarfélaginu grein fyrir því, m.a. þegar staðið er að undirbúningi fyrir kröfugerð vegna kjarasamninga.

28.4 Taka við umkvörtunum starfsmanna og vera talsmaður þeirra gagnvart atvinnurekanda. Vera fulltrúi stéttarfélagsins á vinnustað, sjá um að koma boðum frá félagsmönnum til félagsins og frá félaginu til félagsmanna. Kynna félagsmönnum stefnu stéttarfélagsins og verkefni hverju sinni. Taka á móti nýjum starfsmönnum, kynna þeim starfskjör og réttindi og kynna þeim stéttarfélagið og starfsemi þess.

28.5 Nú vanrækir trúnaðarmaður störf sín samkvæmt lögum þessum að dómi stéttarfélags þess, sem hefur útnefnt hann og er þá stjórn viðkomandi stéttarfélags heimilt að svipta hann umboði sínu og tilnefna annan trúnaðarmann sem gegnir því hlutverki skv 9.gr. *Lög um stéttarfélög og vinnudeilur*

Fundir og stjórnarkjör.

29. grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir 1. júní annað hvert ár. Takist ekki að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi skal boða til framhaldsaðalfundar.

Aðalfundur skal boðaður, með dagskrá, með minnst viku fyrirvara. Skal hann boðaður með tilkynningu á vinnustöðum eða bréflega. Heimilt er að boða til fundar með auglýsingu í fjölmiðlum, telji stjórn þess þörf. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, og minnst 1/3 atkvæðabærra félagsmanna mæta að meðtöldum gildum umboðum félagsmanna, og meirihluti stjórnar.

Nú reynist of lítil fundarsókn, þó að löglega hafi verið til fundarins boðað og skal stjórnin þá auglýsa fund í annað sinn, og er sá fundur lögmætur hversu fáir sem mæta.

30. grein



Verkefni aðalfundar eru:

- a) Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins.
- b) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár.
- c) Lagabreytingar.
- d) Ákvörðun félagsgjalda og inntökugjalds.
- e) Kosning formanns, ritara og gjaldkera til tveggja ára auk tveggja varamanna til eins árs.
- f) Önnur mál.

31. grein

Nú bjóða fleiri en tveir menn sig fram til embættis stjórnarmanns, þá skal kosið tvisvar. Í síðari umferð milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu í fyrri umferð.

32. grein

Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Félagsfundir skulu haldnir þegar stjórn álitur þess þörf eða minnst 30% félagsmanna óska þess.

Halda skal félagsfund eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Félagsfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað og minnst 30% atkvæðabærra félagsmanna mætir og meirihluti stjórnar.

33. grein

Félagsfundum stjórnar formaður. Hann skal sjá um svo að með umboð og atkvæði sé farið með samkvæmt félagslögum og skal kjörskrá liggja frammi í upphafi fundar.

Formaður sker úr öllu sem snertir lögmæti fundarins samkvæmt ákvæðum félagsmanna, stjórnar umræðum og meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslum. Atkvæðagreiðslur skulu jafnan vera leynilegar ef tveir eða fleiri fundarmanna óska þess.

34. grein

Félagsfundur skal boðað með tilkynningu á vinnustöðum eða bréfléga, með minnst viku fyrirvara. Heimilt er að boðað til fundar í fjölmiðlum, telji stjórn þess nauðsyn.

Um vinnudeilur.

35. grein

Ákvörðun um vinnustöðvun skal tekin í samræmi við gildandi lög um stéttarfélag og vinnudeilur. Almenn leynileg atkvæðagreiðsla skal standa í minnst einn dag, enda hafi stjórn félagsins auglýst nægilega, hvar og hvenær atkvæðagreiðsla um vinnustöðvunina skuli fara fram.

Félagsmönnum ber skylda til að hlíta niðurstöðum atkvæðagreiðslna um vinnustöðvanir. Verði félagsmaður uppvís að broti gegn þessari grein, þá ber stjórn félagsins skylda til þess að sjá um að refsíákvæðum 16. gr. sé beitt.



Fjármál.

36. grein

Reikningsár félagsins og sjóða þess er almanaksárið. Reikningar skulu færðir af gjaldkera, endurskoðaðir af löggildum endurskoðanda og liggja fyrir á aðalfundi hverju sinni.

37. grein

Félagsgjöld mega nema allt að 3% af brúttólaunum félagsmanna samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Félagsgjald skal ávalt vera jafnhátt inntökugjaldi. Þeir félagar sem njóta réttinda skv. 9. gr. skulu undanþegnir greiðslu félagsgjalda.

Gjalddagar skulu vera fyrsta dags hvers mánaðar.

Lagabreytingar.

38. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi F.F.M., enda hafi breytinganna verið gerð í fundarboði.

Til þess að breytingin nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 hluta atkvæða á lögmeðum aðalfundi.

Um leið og samþykkt er breyting á lögum skal gerð samþykkt um hvenær breytingin tekur gildi.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík 24. apríl 1973, 10. mars 1993, 12. apríl 2000, 28. maí 2009, 26. maí 2011, 30. maí 2012, 28. maí 2013, 11. mars 2021, 26. október 2022 og 1. Mars 2024.

Fundarsköp.

1. grein

Formaður eða í forföllum hans tilnefndur varamaður er fundarstjóri og setur alla fundi. Fundarstjóri leggur fram dagskrá fundarins og les hana síðan upp. Hann sér um að umræður fari reglulega fram og úrskurðar ef deilt er um skilning á lögum félagsins eða fundarsköpum. Óski hann að taka þátt í umræðum skal han setja annan fundarmann til að stjórna fundi á meðan.

2. grein

Fundarbók skal félagið halda og skal ritari færa í hana það helsta sem fer fram á fundi (sbr. 21. og 22. gr. félagslaganna). Í fundarbyrjun skal fundargerð síðasta fundar lesin upp og eftir að hún hefur verið samþykkt undirskrifa formaður og ritari hana. Komi fram tillögur til breytinga eða viðauka sem ritari fellst á eða fundurinn staðfestir með atkvæðagreiðslu, skal geta þeirra í næstu fundargerð á eftir. Óski fundarmaður sérstakrar bókunar skal taka það til greina.

3. grein

Sá sem óskar að taka til máls skal biðja fundarstjóra um leyfi. Veita skal orðið í þeirri röð sem beðið er um það. Ræðumaður skal halda sér við það mál sem til umræðu er. Þyki fundarstjóra umræður óhóflega langar, getur hann með samþykki fundarins takmarkað ræðutíma. Fundarmenn geta krafist þess að umræðum sé hætt og lætur þá fundarstjóri fundinn skera úr með atkvæðagreiðslu umræðulaust.

4. grein

Allar tillögur skulu bornar fram skriflega. Tillaga skal undirrituð af flutningsmanni eða mönnum, ef fleiri eru. Sé beðið um að skipta tillögu, sker fundarstjóri úr hvort gera skuli, en það er því aðeins heimilt að haldist geti ljósar og sjálfstæðar tillögur.

Heimilt er að bera fram dagskráartillögu, sé það gert, skal hún vera rökstudd. Þegar um breytingartillögu eða viðaukatillögu er að ræða skal fundarstjóri fyrst lesa aðaltillöguna upp og síðan eins og hún verður með framkominni breytingu. Breytingartillögu skal bera fyrst undir atkvæði. Tillögur sem teknar eru aftur má annar fundarmaður bera upp að nýju. Fellda tillögu má ekki bera upp aftur á sama fundi.

5. grein

Afl atkvæða með eða á móti ræður úrslitum við atkvæðagreiðslu og kosningar nema þar sem lög eða fundarsköp félagsins ákveða annað.



6. grein

Atkvæðagreiðsla skal fara fram með handauppréttingu eða leynilega. Þyki fundarstjóra atkvæðagreiðsla óglögg getur hann endurtekið atkvæðagreiðsluna og sett tvo menn til að telja atkvæði. Atkvæðagreiðsla skal bókuð þannig að fram komi hversu margir greiddu atkvæði með tillögu, á móti tillögu, sátu hjá og hversu mörg atkvæði voru ógild.

7. grein

Ef eigi tekst að leiða mikilvæg málefni til lykta á fysta fundi sem þau koma fyrir, jafnvel þó þeirra hafi ekki verið getið í fundarboði, skal ákveða með atkvæðagreiðslu hvort boða skuli annan fund til þess. Ef umrædd málefni þola enga bið, t.d. ef um framkvæmdaratriði séu að ræða, þá skal stjórn F.F.M. ákveða hvernig leiða eigi þau til lykta að loknum fundi, jafnvel þó engin niðurstaða hafi fengist.

8. grein

Fundarsköpum þessum má breyta á hvaða lögmætum fundi sem er. Fundur sá sem samþykkir breytingu ákveður hvenær hún tekur gildi. Þó geta breytingar ekki náð til þess fundar sem þær eru samþykktar á.

*Reglur þessar um fundarsköp félagsmanna F.F.M. öðlast þegar gildi.
Reykjavík 12. apríl 2000.*

Reglugerð fyrir Sjúkrasjóð F.F.M.

1. grein.:

Nafn og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Sjúkarsjóður F.F.M. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein.:

Tilgangur.

- 2.1. Tilgangur sjóðsins er að greiða læknishjálp, sjúkrakostnað og annan kostnað af veikindum og slysum eins og nánar er mælt fyrir í reglugerð þessari. Einnig til að styrkja félagsmenn til ýmissa forvarna og endurhæfningar, skv. 7. grein.

3. grein.:

Aðild.

- 3.1. Sjóðfélagar eru þeir sem iðgjöld eru greidd fyrir til sjóðsins, skv. 5. grein.

4. grein.:

Stjórn.

- 4.1. Stjórn F.F.M. fer með stjórn sjúkrasjóðsins. Stjórn F.F.M. skal sjá um að fé sjóðsins ávaxtist sem best og með sem tryggilegum hætti. Heimilt er að ávaxta það í bönkum, sparisjóðum, skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og veðtryggðum skuldabréfum sem trygg eru að dómi stjórnar. Auk þess er stjórn F.F.M. heimilt að fjárfesta allt að 20% af fé sjóðsins á hlutabréfamarkaði.
- 4.2. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn F.F.M. skal ráða löggildan endurskoðanda fyrir sjóðinn, eins og með aðra sjóði félagsins.

5. grein.:

Tekjur sjóðsins.

- 5.1. Tekjur sjóðsins eru sjúkrasjóðsgjöld sem greidd eru skv. kjarasamningum Félags Flugumsjónarmanna á Íslandi við vinnuveitendur, svo og vextir.

6. grein.:

Réttur til greiðslna.

- 6.1. Rétt til greiðslu úr sjóðnum skv. grein 2.1. eiga þeir einir sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir undanfarna sex mánuði.
- 6.2. Víkja má frá ákvæði um greiðslur iðgjalda í sex mánuði, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Þá ber stjórn F.F.M. að meta þau tilfelli að jöfnu og leggja undir félagsfund, ef þess er talin nauðsyn.

7. grein.: Sjúkrasjóðsgreiðslur.

7.0 Forvarna og endurhæfingjastyrkir úr Sjúkrasjóði

Stjórn F.F.M. skal setja það sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr sjóðnum að umsækjandi framvísi afriti af reikningum vegna þeirra þjónustu sem styrknum er ætlað að greiða. Greiðslukvittanir og reikningar mega aldrei vera meira en 12 mánaða. Aldrei er greitt meira en útlögðum kostnaði félagsmanns nemur.

Aldrei er veittur hærri styrkur en sem nemur 75% af útlögðum kostnaði félagsmanns. Viðmiðunarupphæðir í greinum 7.4 – 7.12 tilgreina hámarksupphæðir styrkja, að því gefnu að hlutfallið fari ekki yfir 75% af útlögðum kostnaði

7.1. Sjúkrasjóður skal greiða sjóðfélaga er verður fyrir langvarandi veikindum eða slysi, sjúkra eða slysadagpeninga úr sjúkrasjóði, eftir að áunnum veikindarétti lýkur, samkvæmt kjarasamningi. Sjóðfélagi á rétt á greiðslu úr sjóðnum í allt að 365 daga að frádregnum greiðslum er viðkomandi á rétt frá Tryggingastofnun Ríkisins. Miðað skal við að bætur frá Tryggingastofnun Ríkisins og F.F.M. nemi 80% af meðalmánaðarlaunum síðustu 6 mánuði fyrir slys eða veikindi. Greiðslur falla niður er viðkomandi nær 67 ára aldri, eða fullum bata og verður vinnufær á ný.

7.2. Félagar sem hafa átt 24 mánaða samfellda aðild að sjóðnum fyrir upphaf veikinda eða slyss njóta fullra réttinda skv. grein 7.1, félagar sem hafa átt aðild í 6 mánuði eða meira eiga rétt á sjúkradagpeningum í 20 daga fyrir hvern unnið mánuð eftir það.

7.3. Ef sjóðfélagi á við langvarandi veikindi að etja, eða verði hann fyrir alvarlegu slysi eða áfalli og stjórn F.F.M. metur honum það til fjárhagslegs tjóns, er henni heimilt að veita viðkomandi sérstakan styrk allt að upphæð 350.000kr einu sinni á ári til hvers sjóðsfélaga.

7.3.1 Stjórn F.F.M. er heimilt að setja það sem skilyrði fyrir styrkveitingu vegna 7.3. úr sjóðnum að umsækjandi gangist undir lækni- og sjúkdómshjúfningu hjá viðurkenndum heimilislækni eða sérfræðingi og leitað verið umsagnar hans.

7.4. Laser/Lasik augnaðgerð

- Veittur er styrkur fyrir laser/lasik aðgerð á augum allt að upphæð 200.000 kr einu sinni.
- Augasteinsaðgerð allt að upphæð 1.000.0000 kr einu sinni.

7.5. Gleraugnakaup

Veittur er styrkur fyrir gleraugnakaupum(með styrk) einu sinni á hverju 3 ára tímabili að upphæð að hámarki 150.000kr.

7.6. Tannlæknir

Veittur er styrkur fyrir tannlækni að hámarki 30.000 kr., einusinni á ári.

7.7. Krabbameinsskoðun

Veittur er styrkur fyrir legháls- og brjóstakrabbameinsskoðun á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins. Einnig er veittur styrkur fyrir krabbameinsskimun í ristli og blöðruhálskirtli. Þessi styrkur er veittur einusinni á 2 árum.



7.8. **Hjartaskoðun**

Veittur er styrkur fyrir skoðun hjá Hjartavernd, eða sambærilegri stofnun, einusinni á tveimur árum.

7.9. **Sjúkraþjálfun/nudd og endurhæfing (hnykk-og nálastungulækningar, heilsunudd, osteópata- höfuðbeina- og spjaldhryggsmæðferð)**

Sjóðnum er heimilt að endurgreiða allt að kr. 5.000,- í hvert skipti af hlut sjúklings fyrir sjúkraþjálfun, súkranudd og endurhæfingu vegna hnykk-lækninga hjá kírópraktor, nálastungulækninga, hefðbundins heilsunudds, osteopatamæðferðar og mæðferðar hjá höfuðbeina- og spjaldhryggjameðferðaraðila. Greitt er að hámarki 50.000,- á hverju ári.

7.10. **Sálfræði-, félags- og fjölskylduráðgjöf**

Vegna mæðferðar hjá sálfræðingi, geðhjúkrunarfræðingi, félags- eða fjölskylduráðgjafa er sjóðnum heimilt að greiða allt að kr. 5.000,- af kostnaði sjóðsfélaga í hvert skipti, þó aldrei hærra en 50% af kostnaði félagsmanns. Hámarksendurgreiðslan er kr. 50.000,- á hverju ári. Mæðferð skal falla undir löggildingu viðkomandi starfsstéttar.

7.11. **Útfarastyrkur**

Stjórn F.F.M. er heimilt að greiða útfararstyrk fyrir sjóðfélaga, maka eða beinna afkomanda og einnig heiðursfélaga, svo fremi sem að sá heiðursfélagi hafi greitt félagsgjöld til F.F.M. til 10 ára eða lengur að upphæð 500.000 kr. Stjórn FFM getur afsalað sér þeim rétti að krefjast greiðslukvittunnar eða reiknings til að greiða út styrkinn.

7.12. **Hreyfingar, tómsundar- og líkamsræktarstyrkur**

Veittur er styrkur til hreyfingar, tómsundar- og líkamsræktar að upphæð 45.000 kr.-, einusinni á ári.

7.13. **Almenn/ítarleg heilsufarsskoðun**

Veittur er styrkur einu sinni á ári fyrir félagsmenn til að fara í almenna heilsufarsskoðun á heilsugæslustöð(eða sambærilegri stofnun), eða hægt er að fara í ítarlega heilsufarsskoðun á heilsugæslustöð(eða sambærilegri stofnun) á tveggja ára fresti.

7.14. **Aðrir styrkir**

Ef félagsmenn FFM óska eftir styrkveitingu úr sjúkrasjóði, og það fellur ekki undir lið 7.2. – 7.13. er hægt að senda inn fyrirspurn til stjórnar FFM, með útlistun á hverju er sótt um styrk fyrir, með kvittunum. Stjórn FFM einsetur sér þann rétt að ákveða hvað skal styrkja, sem ekki fellur undir ofangreinda liði, og hversu há greiðslan verði.



8. grein.:

Breytingar á reglugerðinni.

- 8.1. Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi F.F.M., enda hafi þeirra verið getið í fundarboði. Þarf 2/3 greiddra atkvæða til að breytingartillaga hljóti samþykki.

9. grein.:

Gildistaka.

- 9.1. Reglugerð þessi gildir frá 12. apríl 2000, 28. maí 2009, 30. maí 2012, 11. mars 2021 og 1. mars 2024.

Reglugerð fyrir Menntunarsjóð F.F.M.

1. grein.:

Nafn og heimili.

- 1.2. Sjóðurinn heitir Menntunarsjóður F.F.M. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein.:

Tilgangur.

- 2.1. Tilgangur sjóðsins er að efla kunnáttu og þekkingu félagsmanna eins og nánar er mælt fyrir í reglugerð þessari.

3. grein.:

Aðild.

- 3.1. Sjóðfélagar eru þeir sem iðgjöld eru greidd fyrir til sjóðsins, skv. 5. grein.

4. grein.:

Stjórn.

- 4.1. Stjórn F.F.M. fer með stjórn menntunarsjóðsins. Stjórn F.F.M. skal sjá um að fé sjóðsins ávaxtist sem best og með sem tryggilegum hætti. Heimilt er að ávaxta það í bönkum, sparisjóðum, skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og veðtryggðum skuldabréfum sem trygg eru að dómi stjórnar. Auk þess er stjórn F.F.M. heimilt að fjárfesta allt að 20% af fé sjóðsins á hlutabréfamarkaði.
- 4.2. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn F.F.M. skal ráða löggildan endurskoðanda fyrir sjóðinn, eins og með aðra sjóði félagsins.

5. grein.:

Tekjur sjóðsins.

- 5.1. Tekjur sjóðsins eru menntunarsjóðsgjöld sem greidd eru skv. kjarasamningum Félags Flugumsjónarmanna á Íslandi við vinnuveitendur, svo og vextir.

6. grein.:

Réttur til greiðslna.

- 6.1. Rétt til greiðslu úr sjóðnum skv. grein 2.1. eiga þeir einir sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir undanfarna sex mánuði.
- 6.2. Víkja má frá ákvæði um greiðslur iðgjalda í sex mánuði, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Þá ber stjórn F.F.M. að meta þau tilfelli að jöfnu og leggja undir félagsfund, ef þess er talin nauðsyn.



7. grein.:

Menntunarsjóðsgreiðslur.

7.0 **Menntunarstyrkir úr Menntunarsjóði**

Stjórn F.F.M. skal setja það sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr sjóðnum að umsækjandi framvísi afriti af reikningum vegna þeirra þjónustu sem styrknum er ætlað að greiða. Greiðslukvittanir og reikningar mega aldrei vera meira en 12 mánaða. Aldrei er greitt meira en útlögðum kostnaði félagsmanns nemur.

Aldrei er veittur hærrí styrkur en sem nemur 75% af útlögðum kostnaði félagsmanns.

- 7.1. Veittur er styrkur einusinni á tveggja ára fresti, til þeirra félagsmanna FFM sem hafa greitt iðngjöld í félagið a.m.k. 12 mánuði frá upphafsdegi verkefnis. Styrkt er Skólagjald/Námskeiðsgjald og/eða ráðstefnugjald. Fullur styrkur nemur 300.000.- kr.

8. grein.:

Breytingar á reglugerðinni.

- 8.1. Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi F.F.M., enda hafi þeirra verið getið í fundarboði. Þarf 2/3 greiddra atkvæða til að breytingartillaga hljóti samþykki.

9. grein.:

Gildistaka.

- 9.1. Reglugerð þessi gildir frá 26. október 2022